

Emil Róbert Smith 5 ára stúdent, útskrifaðist 22.05.2015

Kæru nýstúdentar – innilega til hamingju með daginn. Ég man vel þegar ég stóð hérna uppi fyrir 5 árum síðan og hélt ræðu fyrir hönd útskriftarnema og gerði upp þau þrjú ár sem ég stundaði nám hér, það er mér því sannur heiður að fá að koma aftur hingað upp, nú 5 árum seinna, og líta til baka yfir síðustu 5 ár og fara yfir hvaða tæki og tól FSN hefur gefið mér og hvernig ég hef og mun halda áfram að nota þau í mínu lífi.

Ég heiti Emil Robert og útskrifaðist hér úr Fjölbrautaskóla Snæfellinga fyrir 5 árum síðan af náttúrufræðibraut, eða.. það segir kannski stúdentsprófið mitt.. en ég vil eiginlega gefa þeirri braut sem ég var á nýtt nafn; lífsleiknibraut.

Ástæðan fyrir því er sú að á árunum mínum hér áttu félagsstörf nær allan hug minn. Ég byrjaði í nemendafélaginu strax á fyrsta ári og gegndi mismunandi stöðum innan félagsins á öllum þeim þremur árum sem ég stundaði nám hér og það er sú reynsla sem hefur kennt mér hvað mest í lífinu, gefið mér mína nánustu vini og ber með sér dýrmætustu minningarnar héðan úr FSN.

Þó það hafi vissulega hjálpað mér þegar ég hóf nám í verkfræði við Háskólann í Reykjavík, að hafa lært að heilda og diffra stærðfræði formúlur og að reikna hversu langt 5kg bolti myndi fara ef honum yrði kastað á hraðanum 15m/s í 45 gráðu horni. Þá það var ekki sú þekking sem kom mér í gegnum það nám, heldur voru það tólin sem ég hafði öðlast í gegnum félagsstörfin og það óhefðbundna kennslukerfi sem skólinn bauð uppá.

Ég viðurkenni fúslega að á fyrstu önninni minni í háskóla bölvandi ég þessu kennslukerfi þegar ég fór í mín fyrstu 80% lokapróf, en ég hafði aldrei tekið lokapróf og hvað þá próf sem vigtuðu svo mikið í lokaeinkunn, því hér var alltaf notast við símat, þar sem álaginu er dreift jafnt og þétt yfir önnina. Ég kunní því ekkert að taka lokapróf, en samnemendur mínir sem komu flestir ýmist úr MR og Verzló höfðu ekki gert annað í sínu framhaldsskólanámi. Ég þurfti því að reiða mig nokkuð á þá samnemendur þegar kom að mínum fyrstu lokaprófum, læra aðferðir við að læra undir próf af þeim og fá gömul próf send frá eldri nemendum til undirbúnings – án þeirra hefði ég líklega ekki komist í gegnum þessa fyrstu önn.

Þegar ég lít til baka og geri upp þessi ár sé ég hins vegar greinilega að það var í rauninni reynslan úr FSN sem kom mér í gegnum þessa fyrstu önn og hélt áfram að nýtast mér út námið. Það er nefnilega sérstakt að segja frá því að þegar ég byrjaði í HR, þá varð ég allt í einu rosalega feiminn. Ég þekkti engan í skólanum og var 2 árum yngri en allir samnemendur mínir og ég man eftir því að fyrstu vikuna hjólaði ég yfir í Háskóla Íslands til að fara í hádegismat með vinkonu sem ég hafði kynnst hér í FSN, því ég þorði ekki að borða einn. Þetta var allt svo nýtt fyrir mér og frábrugðið því sem ég hafði upplifað hér í FSN, þar sem maður þekkti alla. Hvort sem það voru nemendur eða starfsmenn gat maður alltaf fundið sér einhvern til þess að læra með eða spjalla við. Ég áttaði mig fljótt á því að þetta myndi ekki ganga svona til lengdar og að ég þyrfti einhvern veginn að kynnst fólki. Það var þá sem ég bauð mig fram til nýnemafulltrúa nemendafélagsins í verkfræðideild, þar sem ég varð síðar formaður, en það hefði ég líklega aldrei gert hefði ég ekki tekið þátt í félagsstörfum í FSN.

Þegar leið á námið og ég hafði lært öll helstu trixin við að taka lokapróf (sem er basically að læra gömul próf utan af) þá áttaði ég mig meira og meira á þeim dýrmætu tólum sem að FSN hafði gefið mér og þar má helst nefna sjálfstæð vinnubrögð og gagnrýnin hugsun. Þegar kom að þessum þáttum vil ég meina að ég hafi staðið framur en þeir samnemendur mínir sem höfðu alla tíð einbeitt sér á að læra alla önnina fyrir

eitt skitið lokapróf. Það eru nefnilega þessi töl sem koma manni í gegnum lífið, styrkja mann í starfi og kenna manni að greina rétt frá röngu.

Í dag sjáum við að skólar um allan heim eru að færa sig frá þessari úreltu stefnu hárra lokaprófa yfir í sambærilegt kerfi og tíðkast hér í FSN. Samfélagið er að breytast hratt með örri tækniþróun og í slíkum aðstæðum er mikilvægt að geta brugðist við og aðlagast hratt. Það er mín skoðun að FSN hafi undirbúið mig vel fyrir það hlutverk og vil ég því meina að þið nýstúdentar úr FSN séuð betur í stakk búin að takast við framtíðina og það sem hún ber í skauti sér en þeir nýstúdentar sem þekkja ekkert annað kerfi en að standa og falla með 90% lokaprófi. Fyrir mér er framhaldsskóli nefnilega ekki bara einhver undirbúningsskóli fyrir háskóla heldur fyrir lífið almennt. Framhaldsskóli á að veita manni grunn til þess að geta tekist á við hvaða áskoranir sem er og gefa nemendum tækifæri á að mistakast og prófa eitthvað nýtt. Ég til að mynda tók eitt árið þátt í undankeppninni fyrir söngkeppni framhaldsskólanna þar sem mitt hlutverk var að syngja og twerka fyrir framan samnemendur mína og og kennara – og komst þá að því að mér var ekki ætlað að fara út í skemmtibransann (eitthvað sem ég þarf enn þá að minna mig á í dag þegar ég svekki mig á því að fá engin views á tiktok myndböndin mín).

Þær breytingar sem eru í samfélaginu í dag fela í sér ótal tækifæri. Tækifæri sem við kannski sjáum ekki endilega í dag en munu gjörbreyta því hvernig við horfum á lífið. Sum ykkar hafið eflaust enga hugmynd um hvað þið viljið gera í framtíðinni og það er allt í lagi, því er nefnilega spáð að um helmingur þeirra starfa sem við þekkjum í dag verði ekki lengur til í eftir 20 ár, en það munu spretta upp ný störf í staðin og eitt af þeim störfum gæti orðið ykkar draumastarf. Því vil ég hvetja ykkur til að vera óhrædd við að prófa nýja hluti, hvort sem það er að vinna, fara í ferðalög, taka þátt í félagsstörfum eða prófa mismunandi nám. Kynnist sjálfum ykkur og finnið hvað það er sem veitir ykkur hamingju og ekki aðeins núna heldur á þetta við út allt lífið. Draumar ykkar eftir 5 ár verða líklega allt aðrir en draumar ykkar í dag og þá er mikilvægast af öllu að muna að það er allt í lagi að skipta um skoðun.

Kæru nýstúdentar, lifum lífinu fyrir okkur sjálf og á okkar eigin forsendum og í kjölfarið munum við blómstra hverju sem við tökum okkur fyrir hendur.

Njótið dagsins og takk fyrir mig